

## Menntamálaráðherra og Kennarasambandið sameina krafta vegna breyttrar námsskipunar til stúdentsprófs

Stjórn [Kennarasambands Íslands](#) (KÍ), stjórnir féлага Kennarasambands Íslands og [menntamálaráðherra](#) hafa sameinast um tíu skref til sóknar í skólastarfi.

Samkomulagið felur í sér mörg verkefni sem þörf er á að vinna í sameiningu og sátt skólasamfélaginu til heilla. Var samkomulagið undirritað við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í dag.



Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ, Eiríkur Jónsson formaður KÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti við undirritun samkomulags um skólastarf og skólaumbætur.

Kennarar og ráðherra eru sammála um að ráðast í 10 verkefni sem verður að

vinna samhliða og með [breyttri námsskipan](#) til stúdentsprófs enda hagsmunamál komandi kynslóða að það verkefni sé unnið á faglegan hátt til að tryggja áfram gæði náms.

Í samkomulaginu eru sett fram 10 skref til sóknar sem stjórnir Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra hafa ákveðið að vinna samhent að þeirri heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna sem nú fer fram.

### Skólastarf og skólaumbætur - 10 skref til sóknar

Kennarasamband Íslands og menntamálaráðherra vinna samhent að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna

Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands eru sammála um að vinna saman að eftirfarandi verkefnum sem stefna að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.
2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.
3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan, á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna, út frá eigin skipulagi.
4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.
5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.
6. Verk- og starfsnám í grunn- og

framhaldsskólum verður eftt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.

7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og eflað með víðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verður að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.
8. Námsefnisgerð allra skólastiga verður eflað með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.
9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.
10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

### Surtsey verði samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Sigríður Anna Þórðardóttir [umhverfisráðherra](#) undirrituðu hinn 29. janúar sl. umsókn til UNESCO um að Surtsey verði samþykkt inn á [heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna](#) sem náttúruminjar.

Ríkisstjórnin samþykkti í desember sl. tillögu menntamálaráðherra og umhverfisráðherra um að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrána. Heimsminjanefnd



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra undirrita umsókn til UNESCO um að Surtsey komist á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem náttúruminjar.

Íslands hefur, fyrir hönd [menntamálaráðuneytis](#) og [umhverfisráðuneytis](#), haft yfirumsjón með undirbúningi tilnefningarinnar. Gerður var samningur við [Náttúrufræðistofnun Íslands](#) um gerð skýrslu fyrir tilnefninguna í samræmi við leiðbeiningareglur Alþjóðlegu heimsminjanefndarinnar.

Gangi allt að óskum verður Surtsey væntanlega samþykkt sem heimsminjastaður á fundi heimsminjanefndar UNESCO í júlí 2007.

